



Fundargerð

14.06.2023

Þriðjudaginn 4. apríl 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir og Erla Gunnarsdóttir varamaður.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins. Eydís Inga Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri, Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Berglind Hlín Baldursdóttir fræðslustjóri sátu fundinn undir 1. dagskrárlið.

Arnór Tumi Finnsson bókarí og launafulltrúi byggðasamlagsins sat fundinn undir 1. Dagskrárlið.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2022 til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnvetninga sem unninn var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu kr. 296,8 millj. en voru kr. 322,6 millj. árið 2022 en voru 296,8 millj. árið 2021 og hafa hækkað um 8,7% á milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um kr. 17,4 millj. í samanburði við kr. 19,9 millj. neikvæða niðurstöðu árið 2021. Heildareignir námu í árslok kr. 255 millj. og eigið fé var um kr. 61,3 millj. Eigið fé samstæðunnar lækkaði um rekstrarhalla ársins sem má skýra að mestu leyti af hækkun launakostnaðar.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. (ÁÝA, EJ, EG, PLJ).

EG.

PLJ



2. Bakvaktir í barnavernd

Fyrir fundinum lá minnisblað og önnur gögn frá félagsmálastjóra vegna núverandi fyrirkomulags bakvaktar í barnavernd og heimilisofbeldis ásamt beiðni um breytingu á greiðslum fyrir bakvaktir til starfsmanna. Gögnin voru tekin fyrir á fundi stjórnar þann 4. apríl sl. og var stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að kostnaðarmeta umbeðna breytingu og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar ásamt viðauka við fjárhagsáætlun ársins vegna kostnaðaraukans.

Símavakt félagsþjónustunnar hefur verið greidd með fastri upphæð fyrir mánuðinn, deilt niður á þá sem standa vaktir. Þessi upphæð nemur í dag kr. 356.154. á mánuði. Fyrirhuguð breyting felur í sér að greitt verði fyrir símvakt félagsþjónustu skv. bakvaktarskipulagi og álagsprósentum kjarasamnings BHM og Samb. ísl. sveitarfélaga.

Samkvæmt gildandi áætlun er heildarkostnaður vegna bakvaktar í barnavernd og heimilisofbeldi kr. 5.072.220 en skv. uppfærðu kostnaðarmati miðað við breytinguna verður heildarkostnaður við bakvaktir kr. 11.438.580. Mismunurinn nemur því kr. 6.366.360.

Stjórn ræddi framlögð gögn og mat á kostnaðaraukningu. Stjórn leggur til að breytingu á fyrirkomulagi bakvakta verði frestað í ljósi þeirrar vinnu sem er til skoðunar hjá fagráði Barnaverndarþjónustu Mið-Norðulands varðandi bakvakt í barnavernd.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2023. Var afgreiðslu frestað.

4. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.